

Kristinn Magnússon



Á flakki Þessi erlendi ferðamaður lét engan bilbug á sér finna þegar hann reiddi reiðhjól sitt yfir Lindá við Herðubreiðarlindir skömmu fyrir sólsetur á miðvikudagskvöld.

Reykjavík óáreiðanleikans

Ekki hélt ég að ástandið á grunnþjónustu Reykjavíkurborgar gæti versnað en í allt sumar hefur nánast vikulega nýjum botni verið náð í sorphirðunni, hvort sem er við tæmingu ruslatunna eða grenndargáma. Þetta er sérlega neyðarlegt í ljósi þess hve mikill tími og fjármagn hefur farið í að hanna, undirbúa og innleiða nýja sorphirðukerfið og fjölga grenndargámum í borginni. Ætla mætti að vinnan þar að baki hefði falið í sér ráðstafanir til að tryggja hnökralausa sorphirðu í kjölfarið. En, nei. Sorphirðan fer úr skorðum með þeim afleiðingum að víða um borg má finna sneisafulla gáma og tunnur iðandi af ormum. Sum heimili hafa ekki fengið tæmt hjá sér síðan í júní en samt eru allir rukkadír um fullt sorphirðugjald óháð því hvort sorpið sé hirt eða ekki. Alltaf virðist þessi trassaskapur vera bundinn við Reykjavík, því ekki vaðist þetta ekki fyrir nágrönnum okkar með sama hætti frekar en snjómoksturinn.

Að ráða ekki við settan framkvæmdatíma er annað skrítið og síendurtekið vandamál hjá borginni en ástandið á Hagaskóla er nýjasta dæmið. Þar þurfa börnin eina



Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir

ferðina enn að búa við bráðabirgðahúsnæði sem verða gámar þetta árið. Þetta þarf ekki að vera svona hjá borginni, en enginn virðist geta lært af fyrri reynslu og kannski breytt vinnulagi við áætlanagerðir svo eitthvað sé nefnt.

Eins og að fylgjast með lestarslysi í hægsýningu

Síðan í vor hefur blasað við að stór hluti reykviskra leikskólalabarna fengi ekki leikskólalátt í haust. Nú eru örvæntingarfullir foreldrar að ræða sín á milli hvernig megi bregðast við því að borgin hafi úthlutað þeim svokölluðum „draugaplássum“. Þá hefur börnunum þeirra verið formlega úthlutað pláss og þau tekin af biðlistanum en þegar á hólminn er komið er ekkert raunverulegt pláss fyrir hendi, hvort sem það er vegna manneklu, lokana vegna myglu, ólokinna framkvæmda eða lagfæringa eða þá að framkvæmdirnar séu ekki einu sinni hafnar og leikskólinn því einungis til á pappír eins og frægt varð í fyrra. Svo er þessum foreldrum, sem í góðri trú voru margir hverjir búnir að segja upp vist hjá dagforeldri og boða endurkomu sína til vinnu, bara vísað á guð og gaddinn af skóla- og

» Ár eftir ár hafa tekjurnar sem borgin innheimtir aldrei verið meiri.

frístundasviði. Leikskólavandinn í Reykjavík er ekki nýr en framkoman gagnvart foreldrum verður sorglegri með hverju árinu. Það breytir engu fyrir borgina að biða með úthlutun pláss þangað til þau eru tilbúin en það er hreinlega tekin meðvitund ákvörðun um að gera það ekki. Svo heyrst ekkert frá borgarfulltrúum meirihlutans eða borgarstjóra um að þau hyggist bregðast við, sem er sennilega vegna þess að það verður ekkert viðbragð. Enda er þegar til stýrihópur vegna málsins, sem hefur verið í strandi síðan hann tók til starfa árið 2016.

Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta allt sama stjórnunaraðferðin sem meirihluti Samfylkingarinnar, Pírata, Viðreisnar og nú Framsóknar beitir í rekstri borgarinnar. Ár eftir ár hafa tekjurnar sem borgin innheimtir aldrei verið meiri en á sama tíma hefur þjónusta borgarinnar aldrei verið óáreiðanlegri. Reykjavík er að verða borg óáreiðanleikans.


Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Um stefnuna í loftslagsmálum

Undanfarið hafa spunnist umræður um nýjar álögur sem íslensk skipa- og flugfélög þurfa að sæta til að hamla hnattrænni hlýnun.

Eins og kunnugt er hafa vísindamenn almennt verið þeirrar skoðunar að hækkandi hitastig á jörðu megi rekja til aukningar á koltvísýringi í andrúmsloftinu, og að þessi aukning sé af mannavöldum. Þótt þetta sé skoðun velflestra vísindamanna heyrast raddir sem telja hitabreytinguna vera náttúrulega sveiflu. Hvað sem því líður ætti öllum að vera ljóst að núverandi aðgerðir í loftslagsmálum eru dæmdar til að mistakast. Engar líkur eru á því að aðgerðirnar beri tilætlaðan árangur. Til þess að draga umtalsvert úr magni koltvísýrings í lofthjúpnun þyrfti meiri fjárútlát en almenningur gæti sætt sig við. Auk þess standa margar þjóðir, þar á meðal stórbjóðir, utan þessa átaks nema að nafninu til.

Fráleitt er að Íslendingar eyði fé í að takmarka losun koltvísýr-



Þorsteinn Sæmundsson

ings meðan stórveldi eins og Kína er að auka notkun kolaorku. Orkunotkun Íslendinga styðst að mestu leyti við endurnýjanlega orkugjafa. Það er því ekki við Íslendinga að sakast ef koltvísýringur í andrúmsloftinu er farinn að hafa áhrif á loftslagið og fjarri allri skynsemi að

» Hvað sem því líður ætti öllum að vera ljóst að núverandi aðgerðir í loftslagsmálum eru dæmdar til að mistakast.

gera það að einu höfuðmarkmiði stjórnvalda að draga úr losun koltvísýrings. Skynsamlegra væri fyrir Íslendinga að búa sig undir líkleg áhrif af breyttu veðurfari, að svo miklu leyti sem áhrifin eru fyrirsjáanleg.

Höfundur er stjórnfræðingur.